

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa ekkja skáldsins, sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu, skólastjóri Bændaskólans á Hólum og eru þessi þrjú sjálfkjörin, og auk þeirra tveir menn tilnefndir af landbúnaðarráðuneytinu, Árni G. Eylands og dr. Kristján Eldjárn, sem einnig tilnefnir stjórnarmann eftir dag ekkjunnar og skal hann vera ættingi Ásmundar Jónssonar í föðurætt, búsettur í Skagafirði. Stjórnin ávaxtar fé sjóðsins og veitir úr honum styrki eftir því sem efni standa til hverju sinni. Stofnfé sjóðsins má þó aldrei skerða meir en svo, að sjóðurinn nemi kr. 5000.00 hið minnsta.

4. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 8. júlí 1965.

Nr. 159.

20. júlí 1965.

REGLUGERÐ**um fasteignaskatt í Húsavík.**

Fasteignaskatt í Húsavík skal innheimta með 200% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 51 10. júlí 1964.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964, 5. gr. sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 20. júlí 1965.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 160.

21. júlí 1965.

SAMÞYKKT**um lokun sölubúða í Húsavík.**

1. gr.

Sölubúðum í Húsavík skal lokað, eftir því sem ákveðið er í 2., 3. og 4. grein samþykktar þessarar.

2. gr.

Alla virka daga ársins skulu sölubúðir vera lokaðar frá kl. 18 til kl. 9.00, þó skulu vera frá þessu þær undantekningar, er nú skal greina: Aðfangadag jóla skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 12. Gamlársdag kl. 12. Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla er heimilt að hafa sölubúðir opnar til kl. 24. Þriðja dag fyrir aðfangadag til kl. 11. Sölubúðum skal lokað eigi síðar en kl. 12 á laugardögum. Annan laugardag í desember er þó heimilt að hafa opnar sölubúðir til kl. 18.

3. gr.

Á helgidögum þjóðkirkjunnar, sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní og fyrsta mánudag í ágúst mega engar sölubúðir vera opnar.

4. gr.

Frá ákvæðum um lokunartíma sölubúða í samþykkt þessari, skulu enn fremur vera þessar undantekningar:

- A. Búðum, sem selja mjólk eða brauðvörur, enn fremur búðum, er jafnframt selja matvörur, má halda opnum kl. 9—12: sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní, fyrsta mánudag í ágúst og helgidaga, nema nýársdag, föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag og jóladag, þó eingöngu til sölu á matvörum, brauð- og mjólkurvörum.
- B. Heimilt er bæjarstjórn að veita, til eins árs í senn eftir nánari ákvörðun hverju sinni, búðum bifreiðastöðva, sérleyfisstöðva og bifreiðaverkstæða, sem jafnframt hafa aðalsöluumboð oliufélaga á benzíni og olíum til bifreiða, þó ekki fleiri en einni búð fyrir hvert það oliufélag, sem hefur á hendi bæði heildsölu á benzíni og olíum, leyfi til að hafa opið kl. 9—23.30 alla daga frá 15. maí til 30. september, en þó ekki hvítasunnudag, eingöngu til sölu á tóbaksvörum, sælgæti, gosdrykkjum og sérvörum vegna ferðamanna.

Á öðrum tímum er aðeins heimil sala á benzíni og olíum eftir þann tíma, er almennum sölubúðum skal lokað samkv. ákvæðum 2. greinar.

5. gr.

Menn, sem komnir eru inn í sölubúðir fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

6. gr.

Eftir almennan lokunartíma sölubúða er óheimilt að selja í lyfjabúðum, á torgum og götum eða annars staðar utan sölubúða, nokkurn þann varning, er ekki má selja án verzlunarleyfis. Heimilt er þó að selja bátum eða skipum eftir lokunartíma veiðarfæri, kol, olíu, vistir og aðrar nauðsynjar. Einnig er heimilt að selja langferðamönnum nesti fyrir lokuðum dyrum.

7. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að veita undanþágur frá samþykkt þessari fyrir einstaka daga. Einnig er lögreglustjóra heimilt að fyrirskipa lokun sölubúða einn dag í einu, eftir áskorun bæjarstjórnar.

8. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 20 til 500 krónum og renna sektirnar í bæjarsjóð Húsavíkur. Mál út af brotum á samþykkt þessari skal reka sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Húsavíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, með þeim takmörkunum þó, sem lög nr. 45 15. júní 1926, um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar setja, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er felld úr gildi samþykkt nr. 104 22. júní 1960, um lokun sölubúða í Húsavík.

Félagsmálaráðuneytið, 21. júlí 1965.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.